

Skýrsla stjórnar Félags prófessora við ríkisháskóla starfsárið 2018-2019

Samkvæmt lögum Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) er hlutverk félagsins að vinna að kjara- og réttindamálum prófessora, standa vörð um réttarstöðu þeirra og efla samtakamátt og samheldni félagsmanna. Þá er það einnig hlutverk þess að efla vöxt og viðgang háskólastarfs í þjóðfélaginu og styrkja tengsl félagsmanna við starfssystkini innan lands og utan. Loks er félagið málsvari félagsmanna gagnvart yfirvöldum háskólanna og öðrum stjórnvöldum. Í þessari skýrslu er fjallað um starfsemi félagsins á liðnu starfsári. Einungis er stiklað á stóru og helstu verkefni nefnd. Stjórnin telur skýrsluna endurspegla þessi hlutverk félagsins.

Félagsmenn

Virkir félagsmenn í FPR voru í mars 2019 samtals 353. Sex í Hólaskóla, háskólanum á Hólum í Hjaltadal, fjórir í Landbúnaðarháskóla Íslands, 21 í Háskólanum á Akureyri og 322 í Háskóla Íslands. Karlar voru samtals 239 (68%) og konur 114 (32%). Meðalaldur félagsmanna var 58 ár.

Aldursdreifing félagsmanna	Fjöldi	Þar af karlar	Þar af konur
<40 ára	6	4	2
40-49 ára	62	44	18
50-59 ára	109	75	34
60-69 ára	176	116	60

Stjórn Félags prófessora við ríkisháskóla

Stjórn Félags prófessora við ríkisháskóla starfsárið 2018-2019 er skipuðu eftirfarandi:

Rúnar Vilhjálmsson HÍ, formaður.

Þórólfur Matthíasson HÍ, varaformaður.

Gísli Már Gíslason HÍ, gjaldkeri.

Magnús Gottfredsson HÍ, meðstjórnandi.

Hólmfríður Garðarsdóttir HÍ, meðstjórnandi.

Grétar Þór Eyþórsson HA, varamaður.

Oddný G. Sverrisdóttir HÍ, varamaður.

Sigurður Konráðsson HÍ, varamaður.

Trúnaðarstörf

Trúnaðarmenn félagsins eru skipuð stjórn félagsins, en samninganefnd er skipuð formanni, varaformanni og meðstjórnendum félagsins. Þá hafa trúnaðarmenn verið kjörnir við Landbúnaðarháskóla Íslands sem og við Hólaskóla. Fulltrúi félagsins á háskólaþingi HÍ 2018-2020 er Gísli Már Gíslason og varamaður Þórólfur Matthíasson. Í síðanefnd HÍ 2016-2019 var skipuð fyrir hönd félagsins, Guðrún Kristjánsdóttir. Skoðunarmenn reikninga félagsins eru Brynjólfur Sigurðsson og Jónatan Þórmundsson.

Starfsmaður

Fastráðinn starfsmaður félagsins og Starfsþróunarsjóðs prófessora er Kristín Færseth, framkvæmdastjóri í 60% starfi.

Skrifstofa

Skrifstofa félagsins er í Bændahöllinni við Hagatorg, (2. hæð í suðvesturenda Hótel Sögu). Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 9-13.

Stjórnarstörf

Á starfsárinu voru haldnir 8 stjórnarfundir í FPR. Þá voru haldnir fundir með samninganefnd ríkisins (SNR), samráðsnefnd háskólaráðs HÍ um kjaramál, rektorum ríkisháskólanna, matskerfisnefnd og vísindanefnd, auk fjölda annarra funda. Þar á meðal félagsfundur þar sem kröfugerð félagsins var kynnt. Þá var í desember haldinn sameiginlegur fundur félagsins með Félagi háskólaakennara í Norræna húsinu. Á dagskrá fundarins, sem var vel sóttur, var eingöngu fjallað um vinnumatskerfið. Formenn beggja félaga ræddu um vinnumatskerfið frá sjónarhóli stéttarfélaganna og síðan var félagsmönnum gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Kjaramál

Kjarasamningur félagsins rann úr 31. mars sl. Að frumkvæði félagsins áttu fulltrúar úr samninganefnd FPR fund með samninganefnd ríkisins (SNR) þegar í janúar. Á þeim fundi var viðræðuáætlun ásamt kröfugerð félagsins lögð fram og áherslur félagsins kynntar fyrir komandi kjaraviðræður. Í mars var aftur fundað með SNR þar sem tilefnið var að fá viðbrögð þeirra við kröfugerð félagsins. Jafnframt var athygli SNR vakin á því að viðræður væru tvíhliða því ekki einungis væri um að ræða viðræður um miðlæga kjarasamninginn heldur einnig um stofnanasamninga félagsins. Þetta væri nátengt, því tryggja þyrfti fé í stofnanasamninga samhliða miðlægum kjarasamningi.

Á þessum tveimur fundum voru hendur SNR bundnar þar sem ekki var búið að semja við almenna markaðinn. Nú hefur hins vegar verið samið á almenna markaðnum um krónutöluhækkun og ef sú hækkun færi óbreytt yfir á aðildarfélög Bandalags háskólamanna þýddi það mun meiri hækkun til ASÍ en BHM. Um leið myndu launatöflur BHM riðlast. Þá eru í kjarasamningnum gerð ný skil á lífeyrisréttindum á almenna markaðnum annars vegar og hjá ríki hins vegar, sem gengur þvert gegn 7. grein lífeyrissamkomulags ríkisins og samtaka opinberra starfsmanna sem gengur út á samræmd lífeyrisréttindi í öllu landinu. Ávinningur

háskólamenntunar verður enn minni en nú er, verði þessir samningar almenna markaðarins yfirfærðir óbreyttir á opinbera starfsmenn.

Þá hefur stjórn og samninganefnd félagsins einnig fengið fund með mennta- og menningarmálaráðherra til þess að kynna ráðherra stöðu samningamála.

Kröfugerð

Meðal aðalkrafna má nefna launaleiðréttingu bættan kaupmátt með því að *hækka launataxta*. Próffessorar gegna lykilhlutverki í rannsóknum, kennslu og stjórnun innan háskólanna og árangur háskólastarfs ræðst því að verulegu leyti af því hverjir ráðnir eru til prófessorsstarfa og hvernig að þeim er búið.

Ný launatafla. Launasetning prófessora miðast nú við launatöflu þar sem færsla milli flokka ákvarðast af rannsóknastigum og þrepafærslu af öðrum stigum. Endurskoða þarf þrepafærslur töflunnar, þ.e. þau stig sem reiknast til þrepafærslna og þröskulda milli þrepa. Stjórn Félags prófessora við ríkisháskóla hefur þegar lagt fram ítarlegar tillögur um endurskoðun stigagjafar fyrir önnur störf en rannsóknir í matskerfinu.

Aukið launabil. Launabil (í %) er afar misjafnt milli launaflokka (og er minna milli efstu flokka en þeirra lægri). Gerð er krafa um að launabil verði aukið milli prófessors 5 og 6 og 6 og 7.

Starfsaldurshækkun launa. Próffessorar njóta ekki starfsaldurshækkana ólíkt öðrum starfsmönnum stéttarfélaganna hjá ríkinu. Gerð er krafa um starfsaldurshækkun við 10 ára, 15 ára og 20 ára starfsaldur (meðal starfsaldur prófessora er 20,5 ár samkvæmt nýrri kjarakönnun Maskínu). Með þessu móti verði jafnframt viðurkennd helgun prófessora í starfi.

Kennsluafsláttur. Framlag ríkisháskólanna til kennsluafsláttar verði aukið. Reglur um kennsluafsláttarsjóð verði endurskoðaðar með það fyrir augum að kennsluafsláttur nýtist fleiri prófessorum jafnt í Háskóla Íslands sem og í öðrum ríkisháskólum.

Endurskoðun matskerfis. Endurskoðun matskerfis ríkisháskólanna á undanförunum árum hefur fyrst og fremst beinst að kaflanum um rannsóknir. Endurskoða þarf matskerfið, einkum að því er varðar aðra þætti en rannsóknir (kennslu, stjórnun og þjónustu). Auk framangreindra krafna í kröfugerð félagsins má nefna ákvæði um stofnanasamninga, samræmingu á réttindum, Starfsþróunarsjóð prófessora, samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna o.fl.

Kröfugerð félagsins hefur verið kynnt á fundum með yfirstjórn Háskóla Íslands sem og stjórnendum hinna ríkisháskólanna. Þá var kröfugerðin kynnt félagsmönnum á almennum félagsfundi og á fundum með samninganefnd ríkisins.

Samflot með BHM

Á vegum Bandalags háskólamanna (BHM) hafa í vetur verið haldnir nokkrir málefnafundir vegna sameiginlegra krafna aðildarfélaganna við ríkið. Þetta var gert til þess að kanna hvort grundvöllur væri fyrir sameiginlegu orðalagi í miðlægum kjarasamningum félaganna. Í framhaldinu ákvað stjórn félagsins að hefja viðræður við nokkur aðildarfélög BHM um

frekara samstarf í komandi kjaraviðræðum. Meðal sameiginlegra málefna félaganna má nefna vinnutímastyttingu, rýmri veikindarétt vegna barna og nákominna ættingja og aðstandenda, vinnuáðstæður og álagspætti, hækkun iðgjalda í Styrktarsjóð BHM (úr 0,55% í 1%). Fleiri sameiginleg mál má nefna, meðal þeirra er jöfnun launa milli markaða vegna breytinga á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna og hækkun orlofs- og desemberuppbóta.

Matskerfi opinberra háskóla

Mikill tími stjórnar á þessu starfsári hefur verið varið í ýmis mál tengdu matskerfinu. Rétt er að halda því til haga að vinnumatsskerfið var frá upphafi hugsað sem hvatningarkerfi en þróunin hefur orðið sú að matskerfið hefur orðið að stjórnunartæki sem meðal annars er notað til að stýra launasetningu og rétti til rannsóknarleyfa.

Síðastliðið sumar var gerð viðhorfskönnun meðal akademísks starfsfólks ríkisháskólanna um matskerfið og vinnumatssjóði. Í kjölfarið sendu stjórnir Félags prófessora við ríkisháskóla, Félags háskólakennara og Félags háskólakennara á Akureyri öllum rektorum ríkisháskólanna bréf þar sem gerðar voru alvarlegar athugasemdir við könnunina. Meðal athugasemda má nefna að ekkert samráð var haft við félögin um viðhorfskönnunina, ýmis efnisatriði vörðuðu þætti sem félögin sjálf hafa haft frumkvæði að og samið um, villandi spurningar um hvort leggja eigi niður vinnumatssjóði háskólanna og Ritlauna- og rannsóknasjóð prófessora o.fl.

Í tengslum við endurskoðun á matskerfinu var, í byrjun desember, haldinn sameiginlegur fundur Félags prófessora við ríkisháskóla og Félags háskólakennara um matskerfið. Fundurinn var vel sóttur og gafst félagsmönnum beggja félaganna að koma að ábendingum og athugasemdum.

Í desember sl. barst tilkynning um tæknilegar breytingar á matskerfi opinberra háskóla. Að mati stjórnar félagsins braut þessi samþykkt Matskerfisnefndar gegn 3. grein samkomulags frá 6. nóvember 2009, um fyrirkomulag á mati á störfum prófessora. Í því segir m.a. *að þróun matskerfis verði í höndum vísindanefndar á vegum háskólanna í samráði við prófessora og aðra sem kerfið tekur til*. Því var ákveðið að mótmæla því hvernig staðið var að þessum breytingum með bréfi til Matskerfisnefndar. Í bréfinu er mótmælum komið á framfæri og harmað að matskerfinu sé á ný breytt án samráðs við félagið. Í framhaldinu óskaði félagið eftir fundi með Matskerfisnefndinni. Sá fundur var haldinn í febrúar sl. Á fundinum kom fram að Matskerfisnefndin hafi litið svo á að um tæknilegar breytingar væri að ræða, ekki efnislegar. Matskerfisnefndin féllst þó á sjónarmið félagsins og baðst afsökunar á að ekki hefði verið haft samráð við félagið vegna þessara breytinga. Fulltrúar FPR á fundinum upplýstu Matskerfisnefndina um sambandið milli matskerfisins og launa, þ.e. stigin í matskerfinu eru hluti af einstaklingsbundnum launum félagsmanna. Þá var Matskerfisnefndinni greint frá því að félagið hafi endurtekið komið með tillögur að breytingum á matskerfinu, síðast í febrúar 2018, án nokkurra viðbragða, hvorki frá Matskerfisnefndinni né frá Háskólanum. Tillögur félagsins hafa aðallega snúið að öðrum þáttum matskerfisins en rannsóknum. Vegna fyrrgreinds sambands þarf matskerfið að liggja alveg ljóst fyrir áður en skrifað verður undir nýjan kjarasamning, ella þarf að gera fyrirvara um það í kjarasamningi. Þá hefur félagið einnig átt fund með Vísindanefnd matskerfis

opinberra háskóla þar sem hugmyndir félagsins um endurskoðun annarra þátta en rannsókna hafa verið kynntar.

Stofnanasamningar

Fundur með rektor Háskóla Íslands, samráðsnefnd háskólaráðs um kjaramál, Matskerfisnefnd og Vísindanefnd matskerfis hafa aðallega snúist um þau atriði í kröfugerð félagsins sem lúta að stofnanasamningnum. Þetta eru einkum kennsluafslátturinn, matskerfið og þrepaskipting launatöflunnar. Krafa félagsins er að kennsluafslátturinn verði aukinn í átt að þeirri kennsluskyldu prófessora sem í gildi var til 2009. Yfirstjórn skólans hefur tekið þessari kröfu vel en gert fyrirvara um fjárhagslegt svigrúm. Við innleiðingu tvívíðrar launatöflu í miðlægum kjarasamningi akademísku félaganna, og með stofnanasamningum við háskólana, var það gagnkvæmur skilningur aðila að endurskoða þyrfti þessa þætti til að tryggja eðlilega launasetningu og umbun fyrir akademísk störf í háskólunum. Ljóst er að ekki verður hægt að ganga frá nýjum kjarasamningi við félagið án þess að kaflarnir um kennslu, stjórnun og þjónustu verði endurskoðaðir. Ástæðan er hin ríku tengsl launatöflunnar við matskerfið. Að ráði rektors hefur félagið leitað til Vísinda- og nýsköpunarsviðs Háskóla Íslands með beiðni um að leggja mat á tillögur félagsins að breytingum á stigamati innan matskerfis opinberra háskóla. Á tímabili næsta kjarasamnings kemur ekki til álita að ýta óbreyttu kerfi á undan sér eða gera efnislegar breytingar á því í óþökk félagsins.

Þá hefur félagið lagt fram tillögur að tveimur bókunum í stofnanasamningi. Fyrri bókunin snýr að tímasettri endurskoðun á matskerfinu, einkum að því er varðar stjórnun, kennslu og þjónustu. Í því sambandi verði höfð hliðsjón af skriflegum athugasemdum félagsins um matskerfið. Síðari bókunin snýr að breytingu og einföldun á skipulagi matskerfis opinberra háskóla. Einni stjórn, Matskerfisstjórn, verði falin yfirstjórn og endurskoðun matskerfisins og taki hún við hlutverki núverandi Matskerfisnefndar og Vísindanefndar, sbr. samkomulag aðila frá 6. nóvember 2009. Félag prófessora skipi einn fulltrúa í Matskerfisstjórn, en háskólar og ráðuneyti aðra.

Dómnefndarstörf og framgangsmál við Háskóla Íslands

Hlutfall prófessora hér á landi hefur farið hækkandi og er nú mun hærra en almennt gerist meðal nágrannalanda. Svo virðist sem kerfið sé mjög opið og að ekki séu gerðar sömu kröfur hér á landi og annars staðar til prófessorsstarfsins. Þá sé efnisleg umræða orðin rýr í framgangsferlinu og að því er virðist veruleg frávik í framkvæmd miðað við kröfur erlendra háskóla. Stjórn félagsins hefur af þessu áhyggjur og hefur viðrað þá hugmynd við rektor að tímabært sé að framkvæma úttekt og efnisgreiningu á framgangsmálum við Háskóla Íslands. Þá vantar skýrari leiðbeiningar til dómnefnda og framgangsnefnda. Rektor fagnaði tillögu félagsins um að gerð yrði úttekt á kerfinu þar sem núverandi kerfi væri of vélrænt. Rýna þurfi álitin og annað og fleira en stigin þarf að vera á bak við framgang.

Kjarakönnun meðal akademískra starfsmanna háskólanna

Síðast liðið sumar sá könnunarfyritækið Maskína um að framkvæma kjarakönnun meðal akademískra starfsmanna háskólanna, þ.e. prófessora við ríkisháskóla, lektora og dósentana við

Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri (HA) og akademískra starfsmenn Háskólans í Reykjavík (HR). Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar hafa prófessorar við ríkisháskólana mun lengri starfsaldur, hærri menntunarstöðu, meiri stjórnunarábyrgð, meiri rannsóknarvirkni og lengri vinnutíma en aðrir akademískir starfsmenn, að prófessorum í HR meðtöldum. Föst laun prófessora ríkisháskólanna eru þó talsvert lægri en prófessora við HR og meira að segja ívið lægri en dósentar við HR. Heildarlaun prófessora ríkisháskólanna eru einnig talsvert lægri en prófessora við HR. Ánægja með laun er mest í Háskólanum í Reykjavík og þar á eftir hjá prófessorum ríkisháskóla. Aðstöðumálin voru einnig könnuð í umræddri kjarakönnun. Samkvæmt henni virðist auðveldast að fá faglegar upplýsingar og aðra aðstoð í starfi innan HR og HA. Það er einnig áberandi hve staða HÍ er óhagstæð þegar kemur að tækniástoð og aðstoð varðandi kennsluefni og próf. Könnunin, sem hefur verið kynnt rektor HÍ, sýnir að HÍ þarf að huga betur að stoðþjónustu.

Starfsþróunarsjóður prófessora

Starfsþróunarsjóður prófessora var stofnaður með bókun 2 í kjarasamningi Félags prófessora við ríkisháskóla og fjármálaráðherra hinn 7. nóvember 2011. Í bókuninni kemur fram að markmið sjóðsins er að bæta möguleika félagsmanna til að sækja ráðstefnur, sinna rannsóknum og bæta möguleika til rannsóknasamstarfs. Enn fremur er það markmið sjóðsins að styðja skóla og stofnanir þeirra til að gera prófessorum kleift að vinna að verkefnum sem fara saman við markmið beggja á þessum vettvangi. Samkvæmt bókuninni skal stjórn sjóðsins vera skipuð fulltrúum FPR og háskólanna sem þeir starfa við að jöfnu, tveir frá hvorum.

Stjórn Starfsþróunarsjóðs prófessora (SP) starfsárið 2018-2019 skipuðu eftirfarandi:

Gísli Már Gíslason, formaður, skipaður af stjórn FPR.

Aðalheiður Jóhannsdóttir, skipuð af stjórn FPR.

Hafliði Pétur Gíslason, skipaður af rektor Háskóla Íslands.

Kristinn Pétur Magnússon, skipaður af rektor Háskólans á Akureyri.

Umsóknir um styrki úr sjóðnum hafa aukist jafnt og þétt undanfarin ár og er nú svo komið að styrkveitingar eru farnar að fara fram úr því framlagi sem ríkið leggur til sjóðsins. Átta stjórnar- og úthlutunarfundir voru haldnir á sl. ári og voru 165 styrkir veittir, samtals að upphæð rúmlega 26,5 milljón kr.

Persónuverndarstefna

Ný lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsingar tóku gildi á Íslandi 15. júlí 2018.

Persónuupplýsingar eru allar upplýsingar sem hægt er að tengja við einstakling, t.d. nafn, kennitala, heimilisfang eða önnur einkenni tiltekins einstaklings. Samkvæmt lögnum eiga allir rétt á því að með persónuupplýsingar þeirra sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd. Af þessu tilefni hefur félagið mótað sér persónuverndarstefnu. Persónuverndarstefna félagsins nær yfir söfnun, notkun, birtingu, flutning og geymslu á persónuupplýsingum félagsmanna. Persónuverndarstefnuna má finna á heimasíðu félagsins.

Eftirmannsregla – meðaltalsregla

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) sendi í nóvember sl. bréf til allra prófessora á lífeyri sem höfðu valið að lífeyrisgreiðslur þeirra tæki breytingum samkvæmt svokallaðri eftirmannsreglu. Samkvæmt eftirmannsreglunni eiga breytingar á lífeyrisgreiðslum að fylgja breytingum sem verða á launum sem á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem hver og einn lífeyrisþegi gegndi.

Samkvæmt kjarasamningi félagsins er tók gildi hinn 1. mars 2015 fer röðun í launabrep nú eftir mati sem framkvæmt er árlega og byggist að miklu leyti á einstaklingsmiðuðum forsendum samkvæmt framgangi í starfi. Hækkun um launabrep er því bundið því að viðkomandi sé í starfi. Í bréfi LSR kom fram að vegna breytinga á launatöflu prófessora er eftirmannsreglan illframkvæmanleg gagnvart eftirlaunabegum sem taka lífeyri samkvæmt þessum kjarasamningi. Þetta ákvæði kom fyrst til framkvæmda 1. september 2016. Í ljósi þessara vandkvæða á að framfylgja eftirmannsreglunni bauðst prófessorum á eftirmannsreglunni að fara á meðaltalsregluna með afturvirkum hætti frá 1. september 2016. Samkvæmt meðaltalsreglunni fylgja lífeyrisgreiðslur meðalbreytingum sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu. Hagstofa Íslands reiknar breytingarnar mánaðarlega og hjá þeim sem fylgja meðaltalsreglunni hækka lífeyrisgreiðslur mánaðarlega út frá þeirri vísitölu.

Bréf þetta olli mikilli óvissu meðal emeríta en ljóst er að með því að fara yfir á meðaltalsregluna kemur launaskrið það sem verður á opinbera vinnumarkaðinum mun fyrir til lífeyrisþega, eða mánaðarlega, í stað hækkana í miðlægum kjarasamningi þar sem launabreytingar eru e.t.v. aðeins einu sinni á ári. Þar sem um umtalsverðar leiðréttingarfjárhæðir var að ræða, kaus meirihluti emeríta að þiggja boð LSR um að fara á meðaltalsregluna.

Emerítafundur

Stjórn félagsins bauð *professores emeriti* til árlegs fundar og kvöldverðar 27. nóvember í Safnaðarheimili Fríkirkjunnar. Á þessum fundum er hefðbundin dagskrá með þeim hætti að formaður félagsins fer yfir störf liðins árs og rithöfundur er boðið að koma og kynna nýja bók sína. Þá eru málefni sem tengjast emerítum tekin til umræðu og að þessu sinni voru kostir og gallar fyrrgreinds tilboðs LSR til umfjöllunar.

Gestur kvöldsins að þessu sinni var Auður Ava Ólafsdóttir sem sagði frá og kynnti nýja bók sína *Ungfrú Ísland* sem fjallar um þá tíma þegar karlmenn fæðast sem skáld og konum er boðið að vera Ungfrú Ísland.

Formannaráðsfundur BHM

Formannaráð Bandalags háskólamanna fer með æðsta vald í málefnum bandalagsins milli aðalfunda og kemur saman að lágmarki fjórum sinnum á ári. Ráðinu ber að huga að stærri og stefnumótandi ákvörðunum og veita stjórn aðhald og umboð til daglegs starfs á grundvelli stefnu sem mótuð er á stefnumótunarþingum og samþykkt á aðalfundum. Formaður félagsins

situr formannaráðsfundi BHM. Þar eru sameiginleg málefni bandalagsins rædd og stefna þess mótuð. Undanfarna mánuði hefur formannaráðið varið drjúgum tíma í undirbúning kjaraviðræðna aðildarféлага bandalagsins og mótun sameiginlegra krafna félaganna er lúta m.a. að kröfum um prósentuhækkunir launa, styttingu vinnutíma, hækkun iðgjalda í styrktarsjóð, skattaafslátt vegna afborgana námslána og endurskoðun tekjutenginga í skattkerfinu.

Erlent samstarf

Félag prófessora við ríkisháskóla hefur frá árinu 2006 verið í samstarfi við stéttarfélög háskólakennara og vísindamanna á Norðurlöndum. Samtökin halda einn sameiginlegan fund á ári til að bera saman bækur sínar. Félag prófessora við ríkisháskóla hefur lagt töluvert upp úr þessu samstarfi, t.d. með því að senda á ársfund félaganna skýrslu um launaþróun háskólamanna á Íslandi. Hefur Félag prófessora unnið þessa vinnu í samvinnu við Félag háskólakennara. Í júní í fyrra var norræni fundurinn haldinn í Finnlandi þar sem var m.a. á dagskrá stjórnun háskólanna, auk ýmissa kjara- og réttindamála.

Málefni einstakra félagsmanna

Skrifstofu félagsins bárust á árinu nú sem áður fjölmörg erindi frá félagsmönnum allra ríkisháskólanna. Erindin voru margvísleg en reynt er að leysa úr þessum erindum eftir bestu getu. Yfirleitt tekst vel að leysa farsællega úr þeim þrátt fyrir að sum þeirra séu flókin og tímafrek en félagsmenn eru hvattir til að leita til félagsins ef aðstoðar eða upplýsinga er þörf. Töluverð fjölgun hefur orðið á einstaklingserindum milli ára.

Starfið fram undan

Annasömu starfsári hjá stjórn félagsins er nú að ljúka. Það er jafnframt ljóst að starfið fram undan verður einnig annasamt. Kjarasamningur félagsins við ríkið er runninn út og eru kjarasamningsviðræður hafnar á ný, bæði við samninganefnd ríkisins og stjórnendur ríkisháskólanna vegna stofnanasamninga. Eins og fram kom í inngangi þessarar skýrslu, þá er eitt helsta hlutverk félagsins að vinna að kjara- og réttindamálum prófessora og standa vörð um réttarstöðu þeirra.

Reykjavík, 16. maí 2019

Fyrir hönd stjórnar Félags prófessora við ríkisháskóla,

Rúnar Vilhjálmsson
formaður